

## FUNDARGERÐ

372. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, var haldinn 8. mars 2016 kl. 9.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Helgi Pétursson, Hrafn Magnússon, Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Erna Indriðadóttir og Guðrún Árnadóttir.

Gestur fundarins vegna 1. liðar var Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fyrrv. formaður LEB og fulltrúi í nefnd um endurskoðun almannatryggingakerfisins.

### Þetta gerðist:

### Fundargerð síðasta fundar samþykkt með breytingum sem færðar hafa verið inn.

#### 1. Nýjar tillögur um breytingar á almannatryggingarkerfi

Jóna Valgerður fór yfir störf og tillögur nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfis sem skilað hefur skýrslu til ráðherra. Nefndin leggur til einföldun á bótakerfi almannatrygginga, innleiðingu starfsgetumats og sveigjanlegra starfsloka með heimild til að fresta lífeyristöku til allt að 80 ára aldurs.

Nefnd ráðherra var skipuð í nóvember 2013 og fékk það hlutverk að ráðast í heildarendurskoðun laga um almannatryggingar og laga um félagslega aðstoð. Formaður nefndarinnar var skipaður Pétur Blöndal en við lát hans tók Þorsteinn Sæmundsson við formennsku.

Nefndin hélt 41 fund og ca 10 undirfundi. Ekki var full samstaða í nefndinni og margar bókanir settar fram í skýrslunni. Tillögur nefndarinnar lúta m.a. að eftirtöldum þáttum:

#### Einföldun bótakerfisins

Bætur almannatryggingakerfisins verði einfaldaðar m.a. með því að taka upp einn lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppþótar. Markmiðið er að einfalda bótakerfið og festa í sessi þá lágmarksupphæð sem framfærsluuppþót tryggir þeim tekjulægstu í núverandi kerfi. Nefndin leggur til að hækkunar á fjárhæðum bóta almannatrygginga fylgi þróun lágmarkslauna.

#### Hækkun lífeyrisaldurs

Lífeyrisaldur hækki í skrefum, frá 67 ára aldri til 70 ára aldurs. Miðað er við að tveim mánuðir bætist við lífeyristökualdurinn árlega á næstu tólf árum. Eftir það bætist við einn mánuður á ári í næstu tólf ár, þar til 70 ára viðmiðinu hefur verið náð eftir 24 ár frá gildistöku breytinganna.

#### Sveigjanleg starfslok og starfslokaaldur

Heimilt verði að fresta töku lífeyris til 80 ára aldurs. Einnig verði heimilt að flýta töku lífeyris en hún geti þó ekki hafist fyrr en við 65 ára aldur. Miðað er við að frestun lífeyris veiti rétt til varanlega hærri lífeyris frá almannatryggingum en ef lífeyristöku er flýtt lækki lífeyririnn.

#### Afnám víxlverkana í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða

Lífeyrissjóðir hætti að skerða greiðslur til öryrkja vegna tekna þeirra frá almannatryggingum, samhliða innleiðingu starfsgetumats og sameiningu þriggja bótaflokka. Forsenda þessa er að framlag ríkisins til að jafna örorkubyrði milli lífeyrissjóða verði endurskoðað.

#### Starfsgetumat og endurhæfing

Tekið verði upp starfsgetumat í stað núgildandi læknisfræðilegs mats á örorku. Samhliða verði teknar upp hlutabætur úr almannatryggingum.

Til skýringa á ofangreindu dreifði Jóna Valgerður útreikningi frá TR m.v. nýtt kerfi og mismunandi tekjur innan þess.

Mikil og góð umræða varð um störf og niðurstöðu nefndarinnar þar sem fram kom að það sem helst er gagnrýnt er það sem vantar sem er hækkun lágmarksframfærslu.

## 2. **Aðild að LEB og kostnaður við hana**

Framhald umræðu frá síðasta fundi. Samþykkt tillaga að greiða en fengið verði til baka fyrir það sem starf sem FEB hefu unnið. Leitast verði eftir að fá formann LEB til fundar með stjórninni.

## 3. **30 ára afmælið**

Samþykkt tillaga um „morgunverðarfund“ að morgni 15. mars. Þar verði umræðuefnið „Allir vilja vinna – er pláss fyrir okkur?“

## 4. **Nefnd til að skoða starfsmannamál – tilnefning**

Samþykkt að varaformaður og gjaldkeri fari ásamt framkv.stjóra í þessa vinnu og skili tillögum til stjórnar.

## 5. **Önnur mál**

- Aldurvænar borgir tilnefning aðila í hópa á vegum Rvk.borgar samþykkt.
- Dreift ályktun ASÍ um öldrunarmál.
- Dreift lauslegu yfirliti yfir starfsemi FEB þessa vikunnar.
- Farið yfir stöðuna í Árskógum gagnvart borginni og verðmati lóðar.
- Sumarferðir farið yfir plan ferðanefndar sem er í vinnslu en birtist bráðlega.
- Félagstíðindi efni í vinnslu nefnt.
- Staðan á „Grái hernum – eldra fólki með atkvæðisrétt“ - Helgi P. fór yfir fyrir hvað hópurn stæði fyrir þ.e. Virðing, mannréttindi og kærleikur fyrir / gagnvart eldra fólki. Stefnt er að opnun Facebook síðu, skrifum, kynningum og fundum 15. mars og svo síðar.

Fleira ekki skráð og fundi slitið kl. 11.25.